

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Alþýðusamband Íslands



Reykjavík, 11. október 2023
Tilvísun: M202309-0581

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020 (afkomuöryggi, meðgönguorlof og vinnutímastytting foreldris), mál nr. 11

Alþýðusamband Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar í annað sinn, en frumvarp þetta sem nú er lagt fram er samhljóða því sem lagt var fram á 153. löggjafarþingi, mál nr. 955. Afstaða sambandsins er sú sama og áður, þ.e. að mikil ánægja er með efni frumvarpsins. Þau atriði sem þar koma fram eru löngu tímabær skref í átt að ríkari réttindum þungaðra kvenna, nýrra foreldra og samvistum og auknum tíma með ungu barni sínu.

Það er löngu orðið þarft að takast á við þann veruleika að þungaðar konur geti ekki í öllum tilvikum starfað eins og áður, enda hefur þungun veruleg áhrif á heilsu og hreysti þeirra. Lengi hefur verið sú staða uppi að þungaðar konur þurfi að fara í veikindaleyfi síðustu vikur fyrir barnsburð, án þess þó að sérstakir fylgikvillar leiði til óvinnufærni. Þá er þungun ekki ein og sér skilgreind sem veikindi sem veldur óvinnufærni. Með því að taka á skarið með það að heimila upphaf fæðingarorlofs á 36. viku er þannig komið til móts við þá óvissustöðu sem heilbrigðisstarfsfólk og þungaðar konur hafa hingað til þurft að eiga við án þess þó að skýrar reglur gildi um þá stöðu.

Mikilvægt er að styðja stöðu þeirra sem lægstu tekjurnar hafa í landinu og þar með afnema tekjuskerðingu í formi fæðingarorlofsgreiðslna sem nema 80% tekna hjá þeim sem hafa mánaðarlegar tekjur undir 350.000 kr. Kostnaðarsamt er að hlúa að barni fyrstu mánuðina og tekjuskerðing eykur enn frekar á þá bráðu stöðu sem lágtekjufólk býr þó við alla daga ársins.

Hvað varðar vinnutímastyttingu þá sem lögð er fram í frumvarpinu, getur slíkt tól nýst sérlega vel fyrir foreldra sem kjósa að eyða ríkari tíma með ungu barni sínu en lögbundið fæðingarorlof er, til að létta undir heimilishaldi fyrstu mánuðina eftir að stigið er aftur inn á vinnumarkað, svo og brúa umönnunarbilið sem í dag er orðið sérlega langt vegna langvarandi vanda í leikskólamálum hérlendis. Það er þó ítrekað enn og aftur að varlega þarf að fara að slíku, þ.e. að slíkar ráðstafanir mega ekki bitna á konum fram yfir karla í tvíkynja sambandi/hjónabandi. Fylgjast þarf grannt með þróun þess, svo og að kanna hvort tilefni er til að skilyrða tímann á hvorn aðila með sambærilegum hætti og er að finna nú varðandi töku lögbundins fæðingarorlofs.

Að öðru leyti, vísast til fyrri umsagnar ASÍ.

Virðingarfyllst f.h. Alþýðusambands Íslands

Kareu Ósk. B. Löf. 10/10